

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram laugardaginn 30. júní 1984.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V- Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1080 meðmælendur, en mest 2160.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 115 meðmælendur, en mest 230.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V- Húnavatnssýslu — S- Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 430.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N- Þingeyjarsýslu — A- Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 90 meðmælendur, en mest 180.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, sbr. lög nr. 6/1984, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 28. mars 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

Allir landsmenn skulu eiga rétt á heyrnartækjum. Úthlutun heyrnartækja er ávallt háð samþykki yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| 3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |

3. gr.

Sá, sem fengið hefur heyrnartæki getur fengið tæki á ný:

1. Þegar heyrn hans hefur breyst svo, að fyrra tækið verður ófullnægjandi.
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því að honum nýtist ný gerð betur.
3. Þegar fyrra tæki hefur gengið úr sér, svo það kemur ekki að notum lengur.

4. gr.

Peir, sem orðnir eru 18 ára, skulu ekki fá styrk til heyrnartækjakaupa oftar en á þriggja ára fresti, en yngri en 18 ára á tveggja ára fresti.

Prátt fyrir ofangreind tímamörk er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir yngri en 18 ára og 35% fyrir 18 ára og eldri, eyðileggist eða týnist tækið.

Þurfi einstaklingur ekki lengur á heyrnartæki að halda ber honum að skila því til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Er stöðinni þá heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar að úthluta til láns F.M. heyrnartækjum (sendi og móttakara) til þjálfunar mjög heyrnarskertum börnum á skóla-skuldaldri til þess að þeim nýtist almenn skólaganga. Skykt er að skila tækinu til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands þegar þess er ekki lengur þörf.

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að úthluta F.M. tækjum til láns til einstaklinga þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skykt er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekari þörf.

7. gr.

Fyrir raffhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára og elli- og örorkulífeyrisþegar eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama degi reglur frá 10. júlí 1980 ásamt breytingum frá 18. júní 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiðir sjúklingur kr. 100. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða hálf gald. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar skal greiða kr. 100.